



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um fjölda strætóbiðstöva og eignarhald

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 25. október 2023 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands:

Hver er fjöldi strætóbiðstöva í Reykjavík? Hve margar þeirra eru með biðskýli og hve margar eru án þeirra? Hversu mörg biðskýli eru rekin af öðrum aðila en Reykjavíkurborg? Hvaða aðila er þar um að ræða?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar þann 1. nóvember 2023.

Svar:

Heildarfjöldi strætóstöðva í Reykjavík er 549. Einhverjum stöðvum er svo skipt upp í minni stöðvar t.d. Hlemmur og Ártún. Skýli eru á 399 stöðvum, þar af eru skýli á vegum verktaka á 210 stöðvum. Á sumum stöðum eru fleiri en eitt skýli. Gerður hefur verið samningur við fyrirtækið Dengsi ehf. um rekstur á strætóskýlum í Reykjavík.

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri